

1964

Föstudaginn 22. maí 1998.

Nr. 231/1997.

Óli Þorsteinsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Tryggingu hf.

(Stefán Pálsson hrl.)

Vátrygging. Vextir. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.792.099 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 298.702 krónum frá 13. september 1991 til 18. nóvember sama árs, af 644.178 krónum frá þeim degi til 17. febrúar 1992, af 1.250.273 krónum frá þeim degi til 16. júlí sama árs, af 1.816.584 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, af 3.447.160 krónum frá þeim degi til 9. nóvember 1994, en af 3.792.099 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Frá kröfu áfrýjanda dragist eftirgreindar greiðslur stefnda, eins og krafan stóð á innborgunardögum: 140.000 krónur, sem greiddar voru 13. september 1991, 293.746 krónur, sem greiddar voru 18. nóvember sama árs, 4.059.607 krónur, sem greiddar voru 16. nóvember 1995, og 840.183 krónur, sem greiddar voru 2. desember 1996. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi að frádregnum 858.000 krónum, sem greiddar hafi verið inn á málskostnað. Hann krefst loks málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, slasaðist áfrýjandi um borð í fiskiskipi 2. júlí 1991, þar sem hann starfaði sem vélstjóri. Hafði hann keypt slysatryggingu hjá stefnda og gerði kröfu um greiðslu dagpeninga og örorkubóta með stöð í vátryggingarsamningi málsaðila. Í héraðsdómi er jafnframt rakið, að örorka áfrýjanda af völdum slyss-

ins var metin nokkrum sinnum. Í þeim tilvikum, þar sem lagt var mat á tímabundna örorku, var hún talin vera 100% í 10 mánuði, en niðurstaðan varð ólík um hina varanlegu örorku, frá 25 til 40%. Varanleg örorka áfrýjanda var endanlega metin 30% með yfirmati þriggja dómkvaddra lækna 28. október 1996. Á þeim grundvelli sömdu málsaðilar í kjölfarið um uppgjör krafna áfrýjanda að öðru leyti en því, að enn er deilt um dráttarvexti og málskostnað.

II.

Stefndi greiddi áfrýjanda 9. september og 7. nóvember 1991 samtals 433.748 krónur í dagpeninga. Með því viðurkenndi stefndi, að sér væri skylt samkvæmt áðurnefndum váttryggingarsamningi að inna af hendi váttryggingarbætur vegna umrædds slyss.

Fyrsta matið á varanlegri örorku áfrýjanda vegna slyssins var gert af Sigurði Thorlacius lækni og er dagsett 1. júní 1992. Mat hann varanlega örorku áfrýjanda 25%. Er ómótmælt, að matið hafi borist stefnda með orðsendingu lögmanns áfrýjanda 3. júlí sama árs. Í svarbréfi stefnda 14. sama mánaðar er tekið fram, að stefndi hafi engin gögn um tjónsatburð önnur en læknisvottorð og að ekki hafi verið bent á samhengi milli slyssins og einkenna, sem greinst hafi hjá áfrýjanda eftir það. Sé ástæða til að rannsaka sjúkrasögu áfrýjanda vegna fyrri slysa, sem reyndar hafi komið til athugunar hjá stefnda áður. Segir í lok bréfsins, að afla þurfi gagna um slysið og kanna slysa- og veikindasögu áfrýjanda. Síðar verði tekin ákvörðun um framhald málsins, en ekki sé tímabært að ræða, hvort um varanlega örorku sé að ræða af völdum slyssins.

Afstæða stefnda til málsins, svo sem hún birtist í þessu bréfi, er ekki reist á ákvæðum 12. greinar skilmála fyrir slysatryggingu áfrýjanda, sem eru hluti váttryggingarsamnings málsaðila. Þar er í e-lið ákvæði þess efnis, að örorku skuli ákveða í fyrsta lagi einu ári eftir slys með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Þar segir einnig, að telji slasaði eða váttryggingafélag, að örorka geti breyst, megi hvor um sig krefjast þess, að endanlegu örorkumati verði frestað, en þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Er örorkumat Sigurðar Thorlacius barst stefnda 3. júlí 1992, var ákvörðun hans að hafna bótauppgjöri reist á þeirri ástæðu, að ekki væru sönnuð tengsl milli slyssins 2. júlí 1991 og heilsubrests áfrýjanda. Frá þeirri afstöðu hefur hann síðar

fallið og gert upp kröfu áfrýjanda, eins og áður er getið. Því sjónarmiði var fyrst hreyft í bréfi stefnda til áfrýjanda 20. febrúar 1995, að örorka af völdum slyssins hefði ekki verið endanlega komin fram, er örorkumatið var gert á miðju ári 1992. Stefndi átti þess kost, eftir að hann hafði tekið við örorkumatinu, að óska þess með vísan til e-liðar 12. gr. váttryggingarskilmálanna, að örorkumati yrði frestað um sinn, eða freista þess að fá niðurstöðu Sigurðar Thorlacius hnekkt með mati tveggja dómkvaddra lækna. Hann kaus hins vegar að hafna bótagreiðslum á grundvelli, sem reyndist haldlaus, án þess að hafast frekar að í málinu. Þegar þetta er virt, verður fallist á, að stefnda hafi á þeim tíma verið skylt að greiða áfrýjanda bætur fyrir 25% örorku og auk þess 5% örorku, eftir að Sigurður Thorlacius endurskoðaði mat sitt, þegar enn frekari heilsubrestur áfrýjanda af völdum slyssins lá fyrir, og komst að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka væri að minnsta kosti 30%.

Krafa stefnanda um dráttarvexti styðst við gögn málsins. Gegn sundurliðun hennar hefur stefndi ekki borið fram andmæli, sem hald er í. Með vísun til þess og að öðru leyti samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður fallist á, að stefnda sé skylt að greiða dráttarvexti, eins og áfrýjandi krefst.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 636.000 krónur í málskostnað í héraði og auk þess sérstaka þóknun, að fjárhæð 180.000 krónur, fyrir vinnu lögmanns vegna matsmála. Er hér einungis um að ræða þóknun lögmanns, en ekki annan kostnað. Stefndi greiddi samtals 433.748 krónur í váttryggingarbætur, áður en áfrýjandi leitaði aðstoðar lögmanns. Stefndi greiddi áfrýjanda alls 543.000 krónur í lögmannskostnað vegna ágreinings málsaðila í héraði auk matskostnaðar o. fl., meðal annars þóknun yfirmatsmanna, 315.000 krónur. Þegar litið er til þeirra hagsmuna, sem um var deilt, svo og þeirrar vinnu, er ætla má, að nauðsynleg hafi verið við innheimtu og málatilbúnað áfrýjanda, verður fjárhæð sú, er stefndi hefur þegar greitt í málskostnað, ekki talin of lág. Verður ákvörðun héraðsdóms um málskostnað staðfest.

Stefndi skal greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dóms-orði segir.

1967

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trygging hf., greiði áfrýjanda, Óla Þorsteinssyni, 3.792.099 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 298.702 krónum frá 13. september 1991 til 18. nóvember sama árs, af 644.178 krónum frá þeim degi til 17. febrúar 1992, af 1.250.273 krónum frá þeim degi til 16. júlí sama árs, af 1.816.584 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, af 3.447.160 krónum frá þeim degi til 9. nóvember 1994, en af 3.792.099 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Frá kröfu áfrýjanda dragist eftirgreindar greiðslur stefnda, eins og krafan stóð á innborgunardögum: 140.000 krónur, sem greiddar voru 13. september 1991, 293.746 krónur, sem greiddar voru 18. nóvember sama árs, 4.059.607 krónur, sem greiddar voru 16. nóvember 1995, og 840.183 krónur, sem greiddar voru 2. desember 1996.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1997.

Ár 1997, föstudag 28. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1847/1995: Óli Þorsteinsson gegn Tryggingu hf.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. mars 1995.

Talsmenn aðila lýstu því í þinghaldi nú í dag, að þeir teldu ekki þörf á að flytja málið að nýju, sbr. ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi er Óli Þorsteinsson, kt. 010559-3089, Byggðavegi 145, Akureyri.

Stefndi er Trygging hf., kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.792.099 krónur með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 298.702 krónum frá 13. september 1991 til 18. nóvember 1991, af 644.178 krónum frá þeim degi til 17. febrúar 1992, af

1968

1.250.273 krónum frá þeim degi til 16. júlí 1992, af 1.816.584 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1992, af 3.447.160 krónum frá þeim degi til 9. nóvember 1994, en af 3.792.099 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 140.000 krónum, sem greiddar voru 13. september 1991, 293.746 krónum, sem greiddar voru 18. nóvember 1991, 4.059.607 krónum, sem greiddar voru 16. nóvember 1995, og 840.183 krónum, sem greiddar voru 2. desember 1996.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, allt að frádregnum 858.000 krónum, sem greiddar hafa verið inn á málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

Til vara er þess krafist, að dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 reiknist frá degi, síðar tilgreindum en stefnandi gerir kröfu um, til greiðsludags. Þá er þess krafist, að málskostnaður falli niður.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda 1.975.515 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.630.576 kr. frá 1. ágúst 1992 til 9. nóvember 1994, en af 1.975.515 kr. frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.884.302 krónum, sem greiddar voru inn á örorkutjón stefnanda 16. nóvember 1995, og 576.476 krónum, sem greiddar voru inn á örorkutjónið 2. desember 1996. Jafnframt er þess krafist, að málskostnaður falli niður.

Málsatvik.

Stefnandi hafði slysatryggingu hjá stefnda, sem hann keypti 19. nóvember 1990, og gildi hún til 31. desember 1990. Stefnandi framlengdi tryggingu þessa fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. desember 1991.

Stefnandi slasaðist við vinnu sína um borð í togaranum Tálknfirðingi, BA-325, 2. júlí 1991. Að því er segir í stefnu, féll hann niður stiga og hlaut mikið höfuðhögg, sem leitt hafi til heilaskaða, auk þess orðið fyrir áverkum á hálsi og mjóbakí, sem leitt hafi til verkja í ganglimum.

Sigurður Thorlacius læknir mat tímabundna og varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 1. júní 1992. Var niðurstaða hans sú, að tímabundin örorka stefnanda væri 100% í tíu mánuði og varanleg örorka 25% vegna slyssins.

Júlíus Valsson læknir mat örorku stefnanda 23. ágúst 1994. Mat hann tímabundna örorku stefnanda 100% í 10 mánuði, en varanlega örorku 40%. Kröfugerð stefnanda er miðuð við þetta mat í stefnu.

Sigurður Thorlacius læknir skilaði álitssgerð, dagsettri 9. nóvember 1994, til Vátryggingafélags Íslands hf., þar sem hann telur varanlega örorku stefnanda 30%.

Stefndi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna, og 26. maí 1995 voru lækarnir Magnús Ólason og Stefán Carlsson kvaddir til þess að meta eftirfarandi:

1. Hvaða áverka mætti telja fullvíst, að stefnandi hefði hlotið í slysi því, sem hann kveðist hafa orðið fyrir 2. júlí 1991.

2. Hver væri tímabundinn starfsorkumissir og varanleg örorka stefnanda, sem beinlínis teldist vera af völdum slyssins, og skyldi tímabundin og varanleg örorka metin í samræmi við þá skilmála, sem giltu um trygginguna, einkum 12. og 13. gr. þeirra.

3. Í tengslum við mat skv. 2. tl. var þess óskað, að heilsufarssaga stefnanda yrði könnuð rækilega og mat lagt á, að hve miklu leyti sjúkdómseinkenni, sem hann byggir við, yrðu rakin til annarra atvika (s. s. sjúkdóma eða slysa) en slyssins 2. júlí 1991.

Matsmenn skiluðu matsgerð, dagsettri 5. nóvember 1995, og var niðurstaða þeirra eftirfarandi:

„1. Matspoli, Óli Þorsteinsson, hefur í sjóvinnuslysi, sem varð 2. júlí 1991 um borð í Tálknfirðingi, BA-325, hlotið vægan tognunaráverka á háls og nokkurn tognunaráverka á mjóbak. Þá hefur hann og í kjölfar slyssins haft einkenni, sem benda til vægs heilaskaða eða heilahristings.

2. Tímabundin örorka af völdum slyssins 2. júlí 1991 telst vera 25% – tuttugu og fimm af hundraði. Eiga önnur slys eða sjúkdómar ekki þátt í þeirri örorku.“

2. september 1996 kvaddi dómari læknana Grétar Guðmundsson, Ríkharð Sigfússon og Tómas Zoëga til þess að gera yfirmat að beiðni stefnanda. Niðurstaða þeirra var eftirfarandi:

„Það er álit yfirmatsmanna, að ótvírætt sé, að Óli Þorsteinsson hafi í slysi um borð í togaranum Tálknfirðingi, BA-325, 2. júlí 1991 hlotið áverka á háls og bak auk heilahristings og heilkennis eftir höfuðáverka. Í kjölfar áverkans hafa komið dæmigerðar andlegar breytingar. Tímabundin örorka Óla af völdum slyssins 2. júlí 1991 telst vera 100% í samanlagt 10 mánuði. Varanleg örorka Óla vegna slyssins 2. júlí 1991 telst vera 30% – þrjátíu af hundraði. Eiga önnur slys eða sjúkdómar ekki þátt í þeirri örorku.“

Stefndi greiddi stefnanda 140.000 krónur 9. september 1991 og 293.742 krónur 7. nóvember 1991.

16. nóvember 1995, eftir að matsgerð læknanna Magnúsar Ólasonar og Stefáns Carlssonar lá fyrir, skrifaði lögmaður stefnda lögmanni stefnanda bréf, þar sem m. a. segir:

1970

„Samkvæmt váttryggingarskírteini, sem gefið var út 19. 11. 1990, voru örorkubætur 6.000.000 kr. m. v. 100% örorku, og námu dagpeningar 40.000 kr. á viku, og biðtími var tvær vikur. Á slysdegi voru sömu fjárhæðir vegna örorkubóta 6.271.255 kr. og dagpeningar 41.808 kr., eftir að fjárhæðirnar höfðu verið hækkaðar samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 18. gr. skilmála (154,9/148,2).

Félagið hefur fallist á að greiða Óla örorkubætur og dagpeninga eins og hér greinir:

Örorkubætur.

Þær eru 25% af 6.271.255 kr., þ. e. 1.567.814 kr., jafnframt því, sem þær hækka samkvæmt framfærsluvísitölu frá slysdegi til júlí 1994, í þrjú ár, sbr. b-lið 19. gr. skilmálanna. Með vísitöluhækkuninni nema bæturnar 1.712.535 kr. (170,4/156,0). Frá 2. 7. 1994 til 21. 3. 1995 er fallist á, að bótafjárhæðin beri vexti af skaðabótum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. l. nr. 67/1989 um breytingu á þeim. Frá þeim degi, er mál til heimtu bótanna var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, er fallist á greiðslu dráttarvaxta. Nánar sundurliðast örorkubótafjárhæðin ásamt vöxtum þannig:

Höfuðstóll örorkubóta á slysdegi, uppfærður skv. vísitölu	kr.	1.567.814	
Vísitöluhækkun til júlí 1994 (170,4/156,0)		–	144.721
			kr. 1.712.535
Vextir 2. 7. '94–21. 3. '95 (0,36%)	kr.	6.165	
Dráttarv. 21. 3. '95–16. 11. '95 (9,6%)	kr.	165.602	– 171.767
			Samtals kr. 1.884.302

Dagpeningar.

Dagpeningar reiknast í 41 viku (43 vikur að frádregnum 2 vegna biðtíma). Bótafjárhæðir hækka samkvæmt framfærsluvísitölu frá slysdegi til júlí 1992, sbr. c-lið 19. gr. skilmálanna, en þá lá fyrir örorkumat Sigurðar Thorlacius frá 1. 6. 1992. Frá 2. 8. 1994, er mánuður var liðinn, frá því að matið barst félaginu í hendur, er fallist á greiðslu dráttarvaxta. Nánar sundurliðast greiðsla dagpeninga ásamt vöxtum þannig:

Dagpeningar í 41 viku (41.808 × 41)	kr.	1.714.128	
Vísitöluhækkun frá slysdegi til júlí 1992 (161,4/156,0)		–	59.335
			kr. 1.773.463
Innborgun 9. 9. '91	kr.	140.000	
Innborgun 7. 11. '91	–	293.742	– 433.742
			kr. 1.339.721

1971

Dráttarv. 3. 8. '91 – 6. 11. '95 (62,37%)	–	835.584
	Samtals	<u>kr. 2.175.305</u>

Samkvæmt því, sem að ofan greinir, nema heildarbætur til Óla úr slysa-tryggingu þeirri, sem hann hafði keypt sér hjá félaginu, 4.482.607 kr., og hefur þá einnig verið tekið tillit til málskostnaðar, að fjárhæð 423.000 kr., ásamt 24,5% virðisaukaskatti.

Í heild sundurliðast upphæðin svo:

Bætur fyrir varanlega örorku ásamt vöxtum	kr.	1.884.302
Dagpeningar ásamt vöxtum	–	2.175.305
Málskostnaður ás. 24,5% vsk.	–	<u>423.000</u>

Fjárhæð þessi hefur í dag verið lögð inn á bankareikning yðar . . .“

2. desember 1996, eftir að matsgerð dómkvaddra yfirmatsmanna lá fyrir, skrifaði lögmaður stefnda lögmanni stefnanda bréf, þar sem m. a. segir:

„Örorkubætur.

Eins og fram kom í bréfi félagsins til yðar 16. 11. 1995 (dskj. nr. 35), var alls ekki tímabært að meta varanlega örorku Óla í júní 1992, þar sem varanleg einkenni voru þá ekki komin í ljós og ekki heldur liðið eitt ár frá slysi, eins og krafist er í skilmálum. Enn fremur voru forsendur í örorkumati Sigurðar Thorlacius (dskj. nr. 8) fyrir varanlegri örorku allt aðrar en þær forsendur, sem síðara örorkumat miðast við. Telur félagið sig því hafa verið óbundið af örorkumati Sigurðar við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku. Það getur því ekki haft þýðingu, hvað varðar upphafstíma dráttarvaxta. Þess í stað þykir rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við þann dag, þegar álitsgerð Sigurðar í kjölfar matsgerðar Júlíusar Valssonar var gerð, þ. e. 9. 11. 1994 (dskj. nr. 12).

Að þessu athuguðu nema ógreiddar bætur vegna varanlegrar örorku nú 576.476 kr. og sundurliðast þannig:

Höfuðstóll örorkubóta á slysdagi (6.271.255 × 30%)	kr.	1.881.377
Vísitöluhækkun til júlí 1994 (170,4/154,9)	–	188.259
	kr.	<u>2.069.636</u>
Vextir 2. 7. '94–9. 11. '94 (0,18%)	kr.	3.725
Dráttarv. 9. 11. '94–16. 11. '95 (14,77%)	–	305.685
		<u>309.410</u>
Ógreitt 16. 11. 1995 v/varanlegrar örorku	kr.	2.379.046
Greiðsla 16. 11. 1995	–	<u>1.884.302</u>

1972

Ógreiddar örorkubætur (efst.)	kr.	494.744
Dráttarv. 16. 11. '95–2. 12. '96 (16,52%)	–	81.732
		<hr/>
	Til greiðslu nú	kr. 576.476

Dagpeningar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum munu félaginu hafa borist þrjú læknisvottorð, sem lýsa óvinnufærni, meðan Óli taldist óvinnufær af völdum slyssins. Í fyrsta lagi er læknisvottorð Magnúsar Ólasonar, dags. 30. 8. 1991 (dskj. nr. 21). Samkvæmt því má ætla, að Óli hafi verið óvinnufær frá slyssdegi til 3. 9. 1991, um sjö vikur. Hér athugist þó, að bætur greiðast einungis í fimm vikur vegna tveggja vikna biðtíma. Í öðru lagi er um að ræða læknisvottorð Hrefnu Rúnarsdóttur, dags. 4. 11. 1991 (dskj. nr. 24), en samkvæmt því var hann óvinnufær til 25. 10. 1991, átta vikur til viðbótar (3. 9. 1991 til 29. 10. 1991). Í þriðja lagi er um að ræða vottorð Magnúsar Ólasonar frá 3. 2. 1992 (dskj. nr. 26). Í því vottorði er talið, að Óli hafi verið óvinnufær í rúmlega hálfu ár. Er miðað við óvinnufærni til 4. 2. 1992, fjórtán vikur til viðbótar því, sem áður var talið. Loks barst félaginu 2. 7. 1992 matsgerð Sigurðar Thorlacius lækni, dags. 1. 6. 1992 (dskj. nr. 8). Samkvæmt því mati er tímabundin örorka metin 100% í tíu mánuði. Bætast því þrettán vikur (til 5. 5. 1992) við það tímabil, sem Óli var óvinnufær af völdum slyssins.

Skyldi dagpeninga samkvæmt þessu greiða í fjórum áföngum á tímabilinu miðað við eindaga greiðslna fjórtán dögum eftir dagsetningu læknisvottorða og fjórtán dögum eftir að örorkumat barst félaginu, sbr. 15. gr. skilmála (dskj. nr. 2) og að teknu tilliti til vísitöluhækkana bóta frá slyssdegi til greiðsludags svo og innborgana 9. 9. 1991 (140.000 kr.) og 7. 11. 1991 (293.742 kr.), voru á eindögum eftirfarandi fjárhæðir ógreiddar:

<i>Eindagi</i>	<i>Fjárhæð × vikufj.</i>	<i>Vísitöluhæð</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Innb.</i>	<i>Ógreitt</i>
13. 9. '91	41.808 × 7 = 292.656	158,1/154,9	298.702	140.000	158.702
18. 11. '91	41.808 × 8 = 334.464	160,0/154,9	345.476	293.74	51.734
17. 2. '92	41.808 × 14 = 585.312	160,4/154,9	609.095	0	609.095
16. 7. '92	41.808 × 13 = 543.504	161,4/154,9	566.311	0	566.311

Samkvæmt þessu og að teknu tilliti til greiðslu vegna dagpeninga 16. 11. 1995 er skuld vegna vangoldinna dagpeninga nú 263.707 kr. og sundurliðast þannig:

<i>Eindagi</i>	<i>Ógreitt á eind.</i>	<i>Áf. drv. frá eind. til 16. 11. '95</i>	<i>Ógreitt</i>
13. 9. '91	158.702	150.783 (95,01%)	309.485
18. 11. '91	51.734	44.408 (85,84%)	96.142

1973

17. 2. '92	606.095	462.511 (76,31%)	1.068.606
16. 7. '92	566.311	361.080 (63,76%)	927.391

Ógreitt 16. 11. 1995 v/dagpeninga			2.401.624
Greiðsla 16. 11. 1995			-2.175.305

Ógreiddir dagpeningar (eftirst.)			226.319
Dráttarv. 16. 11. 1995-2. 12. 1995 (16,52%)			37.388

Samkvæmt því, sem að ofan greinir, nema ógreiddar bætur til Óla úr slysatryggingunni að meðtöldum vöxtum auk kostnaðar vegna yfirmats og málskostnaðar (eftirst.):

Bætur fyrir varanlega örorku ásamt vöxtum	kr.	576.476
Dagpeningar ásamt vöxtum	-	263.707
Kostnaður v/yfirmats	-	315.000
Eftirst. málskostn. ás. vsk. (543.00 - 423.000)	-	120.000
Samtals	kr.	1.275.183 ⁴⁴

Fjárhæð þessi var greidd stefnanda sama dag og bréfið er dagsett.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að ágreiningur aðila nú snýst einungis um það, frá hvaða tíma reikna beri dráttarvexti af bóttum til stefnanda fyrir varanlega örorku, en enginn ágreiningur er um bótaskyldu stefnanda. Ekki er ágreiningur um örorkutjón stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að þegar er mat Sigurðar Thorlacius, dagsett 1. júní 1992, lá fyrir, hafi verið ljóst, að af slysi stefnanda leiddi varanlega örorku hans, sem metin var 25% af læknum, og hafi því forsendur verið til þess að greiða honum þá þegar úr slysatryggingu hans hjá stefnda í samræmi við það mat. Þótt síðar kæmi í ljós, að um vanmat hafi verið að ræða, eigi það ekki að leiða til þess, að stefnandi sé verr settur, og því beri að miða við, að krafa hans um 25% af örorkubóttum hafi gjaldfallið fjórtán dögum eftir, að örorkumat þetta lá fyrir. Vísar stefnandi til 15. gr. samningsskilmála nr. 50 og 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið unnt að inna af hendi bætur vegna varanlegrar örorku, fyrr en matsgerð hinna dómkvöddu yfirmatsmanna hafi legið fyrir. Þá fyrst hafi verið ljóst, hver raunveruleg örorka stefnanda var af völdum slyssins. Jafnframt hafi þá fyrst legið fyrir upplýsingar um tjónsatburðinn, sem að einhverju leyti hafi getað gefið vísendingar um, hvernig slysið hefði að líkindum borið að höndum.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, liggja fyrir gögn um varanlega örorku stefnanda, þar sem hún er ýmist talin 25% samkvæmt örorkumati Sigurðar Thorlacius læknis frá 1. júní 1992, 40% samkvæmt örorkumati Júlíusar Valssonar læknis frá 23. ágúst 1994, 30% samkvæmt álitserð Sigurðar Thorlacius 9. nóvember 1994, 25% samkvæmt undirmati og loks 30% samkvæmt yfirmati.

Aðilar eru sammála um að miða við mat yfirmatsmanna um varanlega örorku stefnanda.

Samkvæmt 15. gr. skilmála þeirra, sem giltu í samskiptum aðila, skal greiða bætur innan fjórtán daga, eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótaanna.

Þá segir í 12. gr. e í skilmálunum, að örorka ákveðist í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið, að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess, að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

Þegar litið er til ólíkrar niðurstöðu um varanlega örorku stefnanda og að endanleg niðurstaða um hana var ekki fengin fyrir en með yfirmatsgerð, sem unnin var að ósk stefnanda sjálfs, verður ekki fallist á það með stefnanda, að örorkumat Sigurðar Thorlacius frá 1. júní 1992 fullnægi því skilyrði 15. gr. tryggingarskilmálanna, að unnt hafi verið að ákveða fjárhæð bóta vegna varanlegrar örorku á grundvelli þess, enda niðurstaða hans í því efni önnur en yfirmatsmanna, en matið auk þess gert, áður en tilskilinn tími var liðinn frá slysi stefnanda samkvæmt tryggingarskilmálum.

Þá þykir örorkumat Júlíusar Valssonar frá 23. ágúst 1994 ekki heldur fullnægja framangreindu skilyrði 15. gr. um, að unnt hafi verið að ákveða fjárhæð bóta á grundvelli þess, þar sem niðurstaða þess var ekki í samræmi við yfirmat, sem lagt er til grundvallar hér.

Stefndi hefur gert upp varanlegt örorkutjón stefnanda miðað við 9. nóvember 1994, en þann dag er dagsett álitserð Sigurðar Thorlacius læknis, sem gerð var í kjölfar áður nefndrar matsgerðar Júlíusar Valssonar.

Í álitserð þessari er varanleg örorka stefnanda, sem rakin verði til slyss hans, talin vera 30% að tilteknum skilyrðum fullnægðum, sem er sama niðurstaða um hlutfall örorku og kemur fram í yfirmatsgerð.

Verður að fallast á það með stefnda, að 9. nóvember 1994 hafi fyrst legið fyrir viðhlítandi gögn um varanlega örorku stefnanda, og með því að stefndi hefur gert upp tjón stefnanda miðað við þann dag, verður fallist á kröfu hans um sýknu í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

1975

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trygging hf., skal sýkn af kröfum stefnanda, Óla Þorsteins-
sonar.

Málskostnaður fellur niður.
